

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,
landnotkunarbreytingar, Jarlsstaðir.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. febrúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 14. janúar 2015.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er breytt í 50 ha svæði fyrir frístundabyggð F74 fyrir allt að 50 lóðir, í 5 ha iðnaðarsvæði I16, í efnistökusvæði E58 fyrir allt að 45.000 m³ efnisnám og í 40 ha opið svæði til sérstakra nota undir golfvöll O9. Jafnframt er afmarkað brunn- og grannsvæði vatnsverndar norðaustan golfvallarins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 11. febrúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.